

1509125



## Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909  
Netfang: hsk@hsk.is - Veffang: www.hsk.is

Selfossi 21. september 2015

### Sveitarfélög á sambandssvæði HSK

*Efni: Heimildarmynd um Landsmót UMFÍ á sambandssvæðinu, ósk um kaup á diskum*

HSK vinnur að gerð heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandssvæði HSK. Mótin sem um ræðir eru mótin í Haukadal árið 1940, í Hveragerði árið 1949, á Laugarvatni árin 1965 og 1994 og á Selfossi árin 1978 og 2013.

Mikilvægt er að þessum menningararfi sé haldið til haga með gerð kvikmyndar, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd mótanna og hversu gífurlega miklu máli þau skiptu fyrir héraðið og ekki síst vegna þeirrar uppbyggingar sem átti sér stað í aðdraganda mótanna.

Marteinn Sigurgeirsson kvikmyndagerðarmaður frá Selfossi sér um öflun myndefnis. Hann mun fá lánað gamalt myndaefni sem er til frá flestum mótunum og þá hefur hann einnig tekið upp nýtt efni. Jón M. Ívarsson sagnfræðingur hefur tekið að sér að gera texta sem lesinn verður og verður Samúel Örn Erlingsson þulur.

Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í haust, en í ár eru 75 ár síðan Landsmót UMFÍ voru endurvakin með landsmótinu í Haukadal árið 1940 og þá eru 50 ár síðan hið fræga Landsmót á Laugarvatni var haldið.

Með þessu bréfi er óskað eftir þátttöku sveitarfélaga á sambandssvæðinu í þessu verkefni. Óskað er eftir að sveitarfélögin kaupi fimm diska að upphæð 30.000 kr. Hluti af fjárhæðinni er hugsaður sem styrkur.

Vonast er til að öll sveitarfélögin á sambandssvæðinu hafi tök á því að taka þátt.

Kærar kveðjur,  
f.h. stjórnar HSK

Engilbert Olgeirsson,  
framkvæmdastjóri.